

AUGLÝSING

um breytingu nr. 2 við Sérlyfjaskrá, Lyfjaverðskrá II, Lyfjagreiðsluskrá Tryggingastofnunar ríkisins frá 21. desember 1969.

Frá og með 25. júlí 1970 gengur í gildi breyting nr. 2 við Sérlyfjaskrá, Lyfjaverðskrá II, Lyfjagreiðsluskrá Tryggingastofnunar ríkisins, frá 21. desember 1969, útgefin í dag.

Heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytið, 9. júlí 1970.

Eggert G. Þorsteinsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Nr. 134.

9. júlí 1970.

AUGLÝSING

um breytingu nr. 2 við Lyfjaverðskrá I frá 20. janúar 1969.

Frá og með 25. júlí 1970 gengur í gildi breyting nr. 2 við Lyfjaverðskrá I, útgefin í dag.

Heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytið, 9. júlí 1970.

Eggert G. Þorsteinsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Nr. 135.

9. júlí 1970.

REGLUR

um kosningu í Æskulýðsráð ríkisins.

1. gr.

Æskulýðsráð ríkisins skal skipað fimm mönnum. Menntamálaráðherra skipar formann ráðsins án tilnefningar. Þrír menn skulu tilnefndir af aðildarsamtökum Æskulýðssambands Íslands og öðrum hliðstæðum æskulýðssamböndum. Einn maður skal tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga. Sömu reglur gilda um varamenn.

Skipunartími er tvö ár.

2. gr.

Menntamálaráðuneytið ákveður, hvaða æskulýðssambönd skuli teljast hliðstæð Æskulýðssambandi Íslands, skv. 1. gr. Ráðuneytið boðar til fundar, þar sem kosnir skulu framangreindir þrír menn og þrír til vara í Æskulýðsráð. Skulu á fundinn boðaðir fulltrúar frá aðildarsamtökum Æskulýðssambandsins og framangreindum hliðstæðum æskulýðssamböndum. Skal einn fulltrúi boðaður frá hverjum þessara aðila, og hefur hver fulltrúi eitt atkvæði.

Fulltrúi frá ráðuneytinu stjórnar fundinum.